

**Laugalandsskóli í Holtum**  
**Sjálfsmatsskýrsla, 1. hluti**  
**Febrúar 2009**



# **Fæði í mótuneyti**

## **Líðan nemenda og starfsfólks**

---

**Hulda Brynjólfsdóttir**  
**Sigurjón Bjarnason**

# *Sjálfsmat Laugalandsskóla. - Fæði í mötuneyti. Líðan.*

---

## *Inngangur.*

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla þarf innra mat skólans að vera *altækt* þ.e. að ná til allra þátta skólastarfsins, *formlegt* þ.e. lýsing á aðferðum þarf að liggja fyrir í skriflegum gögnum frá skólanum og *áreiðanlegt* þ.e. byggt á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum. Allt eru þetta mikilvægir þættir til að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfinu. Ef aðferðir og vinnsla slíks mats eru skilvirkar, er það ákjósanleg aðferð til að styrkja og bæta skólastarfið. Og eins og segir í Aðalnámskrá grunnskóla bls. 39 "Í sjálfsmatsskýrslu skóla þarf að vera ítarleg lýsing og greining á markmiðum og starfi skólans. Jafnframt er mikilvægt að í sjálfsmatsskýrslu skóla komi fram tillögur um úrbætur."

Til að fylgja þessum reglum Aðalnámskrár, þarf stöðugt að fylgjast með innra starfi skólans. Það er best gert með könnunum og fyrirspurnum til þeirra sem að skólastarfinu koma og hafa eitthvað um það að segja sem verið er að kanna hverju sinni. Kannanirnar þurfa að vera leynilegar og miða að því að finna leiðir til úrbóta við hvern hluta skólastarfsins sem kannaður er hverju sinni.

Skólaárið 2008-2009 var fæðið í mötuneyti Laugalandsskóla, ásamt líðan nemenda og starfsfólks metið.

Fæði var metið í formi spurningalista (fylgiskjal 1-3), sem lagður var fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Í honum var tekinn fyrir matseðill tveggja vikna og hverjum rétti á honum gefin einkunn frá einum upp í tíu, þar sem tíu var hæsta einkunn og einn lægsta einkunn. Þá voru einnig spurningar um fjölbreytileika, hollustu og viðmið manneldisráðs.

Líðan var sömuleiðis metin með spurningalista (fylgiskjal 4-5) og lagður fyrir nemendur og starfsfólk. Þar var spurt um líðan við mismunandi störf og aðstæður fyrir starfsfólk, en á mismunandi stöðum skólans fyrir nemendur. Einnig voru þeir spurðir um líðan í skólabílum til og frá skóla.

Í þessari skýrslu er farið yfir niðurstöður þessara kannana og reynt að varpa ljósi á þær og finna hvort úrbóta sé þörf. Tölfræðilegar niðurstöður spurningalistanna eru birtar í heild í fylgiskjali 6-10.

## *Könnun á fæði sem boðið er upp á í Laugalandsskóla.*

Á Laugalandi er boðið upp á heitan mat í hádeginu fyrir alla nemendur grunnskólans, starfsfólk og kennara. Þar borða einnig nemendur og starfsfólk leikskólans og starfsfólk sem hefur vinnuaðstöðu í húsinu.

Spurningalistinn var lagður fyrir nemendur og starfsfólk grunnskólans ásamt foreldrum nemenda, þar sem þeir voru beðnir að meta fæðið með eigin reynslu af sambærilegum réttum í huga.

Nemendur og starfsfólk er í skólanum frá 8:30 til 15:00 og því er ljóst að staðgóð máltíð á miðjum degi er þeim nauðsynleg til að viðhalda orku og starfsgetu daginn á enda. Til þess að máltíðin nýtist nemendum sem best skiptir máli að hún sé bragðgóð, enda borðar fólk ekki vel af mat sem ekki bragðast þokkalega. Það var því lögð áhersla á að komast að því hvernig fólk líkaði bragð matarins.

Spurningalistinn var lagður fyrir foreldra til að sjá hvað þeim þætti um þá rétti sem í boði eru, þrátt fyrir að þeir borði þá ekki sjálfir. Þetta var gert til að fá þeirra mat á réttunum sem boðið er upp á og hvort þeir telji hann fullnægjandi fyrir börn sín. Enda kjósa foreldrar að börn þeirra fái bragðgóðan og hollan mat í hádeginu.

Hvað líðan varðar, þá þykir sýnt að börn meðtaki nýtt námsefni best ef þeim líður þokkalega. Það eru frumforsendur þess að geta stundað nám með góðum árangri. Þarna eiga hlut að máli líðan almennt bæði heilsufarslega og andlega, en einnig félagslega og í því umhverfi sem þau dvelja mestan hluta dagsins. Skólaganga nemenda tekur lungann úr degi þeirra að vetrinum og því má telja mikilvægt að líðan þeirra innan veggja skólans skipti sköpum fyrir velferð þeirra almennt, en ekki síst til að viðhalda forvitni þeirra og vilja til að fræðast.

Sömuleiðis má leiða getum að því að fólk vinni best og leggi sig mest fram í starfi þar sem því líður vel í vinnunni. Það er metnaður hvers skóla að starfsfólk hans leggi sig ávallt fram af fullum áhuga og vilji gera sitt besta. Þannig sé menntun nemenda skólans best borgið og allir aðilar leggi sig fram um að gera sitt besta og ná þannig upp jafnvægi og samspili sem leiðir til ánægju í námi og kennslu. Í rauninni má segja að námið verði að leik við þær aðstæður.

## *Framkvæmd.*

**Fæðiskönnunin.** Framkvæmd fór þannig fram að búnir voru til spurningalistar fyrir nemendur (fylgiskjal 1), starfsfólk (fylgiskjal 2) og fyrir foreldra (fylgiskjal 3). Nemendur svöruðu könnuninni í skólanum þann 12. október 2008 og skiluðu í umslag til kennara. Starfsfólk tók könnunina sama dag og skiluðu í þar til gerðan kassa. Foreldrar fengu könnunina senda heim með börnum sínum og skiluðu í skólann í lokuðu umslagi. Með henni fylgdi bréf frá skólastjóra sem útskýrði tilgang og framkvæmd könnunarinnar (fylgiskjal 11). Þess var gætt að ekki væri hægt að sjá eða fylgjast með hver skilaði hvaða blaði og könnunin því leynileg. Miðað var við að taka ekki við niðurstöðum eftir 3. nóvember.

Svarendur áttu að gefa töluleg svör frá einum upp í tíu þar sem tíu var best og einn var síst. Við vinnslu gagna var gengið út frá því að 1 og 2 væru mjög vont, 3 og 4 frekar vont, 5 og 6 bæði og (eða í meðallagi), 7 og 8 væri frekar gott og 9 og 10 mjög gott. Þegar niðurstöður höfðu skilað sér voru þær færðar inn í forrit í tölvu samkvæmt þessum viðmiðum og reiknaði forritið þá út niðurstöður og þar með var einfalt að vinna þær og skoða í samhengi.

Út frá þeim niðurstöðum var svo þessi skýrsla unnin.

**Líðankönnunin.** Framkvæmd hennar fór fram á svipaðan hátt viku síðar. Starfsfólk svaraði sínum spurningalista (fylgiskjal 4) og skilaði í kassa og nemendur fengu sömuleiðis spurningalista (fylgiskjal 5), svöruðu honum í kennslustund og skiluðu í umslag til kennara. Þeir höfðu möguleika á að krossa við mjög vel, frekar vel, bæði og, frekar illa og mjög illa. Niðurstöður voru síðan unnar út frá þeim.

## *Spurningalisti um fæði*

Miðvikudaginn 12. október fékk hver nemandi, í 3.-10. bekk, einn spurningalista til að svara í kennslustund. Spurt var í hvaða bekk nemandi væri og af hvoru kyninu. Síðan voru spurningar um tíu rétti af matseðli og gaf hann hverjum rétti einkunn frá einum upp í tíu, þar sem tíu

var hæsta einkunn og einn lægsta. Allir réttirnir voru tíundaðir í heild. Það er að segja allt sem var í boði fékk eina einkunn. Þannig að plockfiskur með rúgbrauði og kartöflum, ásamt salati og ávöxtum á eftir fékk eina einkunn. Það var því ekki hægt að gefa plockfiskinum eina einkunn og ávöxtunum aðra. Þá var spurt um hvernig viðkomandi líkaði að fá kokteilsósu annars vegar og tómatsósu hins vegar með mat og einnig hvernig honum líkaði ferskt grænmeti og soðið grænmeti með mat. Að lokum var spurt hvort og þá hvernig eftirrétt viðkomandi líkaði best við.

Á eftir þessum spurningum fylgdu spurningar um hollustu og fjölbreytni, hvort það teldist góður kostur að maturinn væri eldaður á staðnum og hvort það þætti mikilvægt að birta matseðilinn.

Út frá þeim niðurstöðum var svo þessi skýrsla unnin.

Spurningalisti til starfsmanna og foreldra/forráðamanna var nákvæmlega eins, nema fyrsta spurningin innti eftir aldri viðkomandi og fékk hver tíu ára tímabil til að merkja við.

## *Fæðiskönnunin*

### **Nemendur.**

Við skulum skoða niðurstöður úr könnuninni um fæðið í mötuneyti skólans og eru svör nemenda fyrst skoðuð:

**1. Ert þú strákur eða stelpa ?**

82 nemendur svöruðu. Skiptingin var 42 strákar á móti 40 stúlkum.

**2. Í hvaða bekk ert þú ?**

Taflan hér fyrir neðan sýnir skiptingu svarenda í bekk. Þar sést að 100% þátttaka er í öllum bekkjum nema 7. bekk. Prósentan segir til um hversu mörg prósent svarenda eru í hverjum bekk.

Bekkur	Tíðni	Prósent	Vaxandi prósent
10	14/14	16,8	17,1
9	11/11	13,3	30,5
8	10/10	12,0	42,7
7	13/14	15,6	58,5
6	9/9	10,8	69,5
5	9/9	10,8	80,5
4	11/11	13,3	93,9
3	5/5	6,1	100
Alls	82/83	98,7	

Þegar við lítum á svörin sem nemendur gefa við spurningunum um einstaka rétti kemur í ljós að þeir eru almennt ánægðir með það sem boðið er upp á, þó vissulega séu einstaka réttir sem eiga ekki eins vel við bragðlauka þeirra.

Við settum okkur það markmið að ef 85% svarenda þætti maturinn yfir meðallagi góður, þá væri afar góðum árangri náð. Í stuttu máli sagt fá fæstir réttirnir það hlutfall hjá nemendum, en eru samt ansi nærri. Flestir réttirnir eru rétt undir því marki sem miðað var við, en nokkrir skora vel yfir viðmiðið um að góðum árangri sé náð. Má nefna að hrossakjöt fær 87,8%, kjötsúpa 82,9%, gúllas og steiktur silungur fá 80,5%, en aðrir réttir eru yfir meðallagi að mati á milli 65% og 75% svarenda.

Grjónagrauttur með slátri er samt sem áður vinsælasti rétturinn sem boðið var upp á á tíma-  
bilinu sem lá til grundvallar könnuninni. 96,3% svarenda þykir hann um og yfir meðallagi og  
einungis 1,2% finnst hann mjög vondur. Sama má segja um pítu með kjöti og grænmeti og  
þykir 95,1% svarenda hún um og yfir meðallagi.

Hér skal tekið fram að ekki komust allir réttir mötuneytisins inn í þessa könnun, þar sem  
fjölbreytileikinn er mikill og takmarka þurfti lengd könnunarinnar, þó má sjá að öllum aðilum  
líkar við matinn, eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi og þurfa ekki að fara svangir frá  
borðum.

Næst komu spurningar sem tengdust hollustu fæðisins og matseldinni almennt. Þegar þau  
svör eru skoðuð kemur í ljós að afgerandi meirihluti svarenda er ánægður með hvernig það  
fyrirkomulag er. 84,1% telja matinn fjölbreyttan yfir meðallagi, og 95,1% að hann sé hollur.  
96,3% segja hann úr mörgum fæðuflokkum og 97,6% finnst það kostur að hann sé eldaður á  
staðnum. Þá finnst 86,6% nemenda kostur ef þeir fengju að sjá matseðilinn auglýstan.

Hvað varðar meðlætið þá fær ferska grænmetið betri umsögn en það soðna og finnst 93,8%  
gott að fá ferskt grænmeti með matnum á meðan 54,3% þykir það soðna gott. Nokkuð jafnar  
skoðanir eru á tómatsósu og kokteilsósu og skorar þær stöllur 77,5% annars vegar og 72,8%  
hins vegar og hefur tómatsósan hærrí prósentu.

Að lokum var síðan spurt hvort og þá hvaða tegund af eftirrétum nemendur kysu helst og  
raðaðist það þannig að 24,7% vilja fá graut, 18,5% vilja súpu, 6,2% vilja ávexti, 46,9% vill  
þetta allt til skiptis (eins og það er nú) og einungis 3,7% vilja ekki eftirrét.

### Starfsfólk. Foreldrar.

Almennt eru skoðanir fullorðna fólksins á réttunum jákvæðari en barnanna. Við skulum næst  
skoða niðurstöður þeirra.

#### 1. Hvort ert þú karl eða kona ?

65 svöruðu og voru 13 karlar á móti 52 konum.



#### 2. Á hvaða árabili ert þú fædd/ur ?

Taflan hér fyrir neðan sýnir skiptingu foreldra og starfsfólks eftir aldurshópum:



Gildi	Tíðni	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
1940- 1949	2	3,0	3,0
1950- 1959	11	16,7	19,7
1960- 1969	29	43,9	63,6
1970- 1979	16	24,2	87,8
1980- 1989	3	4,6	93,4
svöruðu ekki	5	7,6	100
Alls	66	100	

Við skulum bera saman niðurstöður nokkurra rétta hjá foreldrum og starfsfólki. Hafa ber í huga að foreldrar eru að dæma réttina eftir eigin reynslu af sambærilegum réttum, en starfsfólk er að meta matinn í mötuneyti Laugalandskóla.

Hér má sjá hvernig fólki líkar við hrossakjötið.





Þetta eru þær niðurstöður sem lambasteikin með öllu meðlæti fær:





89% starfsfólks finnst lambasteikin mjög góð og 79% foreldra.

Kjötsúpa:




Kjötsúpa er líka vinsæl hjá fullorðna fólkinu, fær mjög gott hjá 88% starfsfólks og 71% foreldra.



Grjónagrautur:



Grjónagrauturinn er vinsæll hjá öllum aldurshópum. Til að sjá samanburð fullorðna fólksins við nemendur, skulum við kíkja á töluna þeirra:



Og hér má sjá hvað álit fullorðna fólkið hefur á þíu:



Þegar þetta er skoðað sést að báðir aðilar eru ánægðir með matinn, þó svo að þeir séu ef til vill hrifnastir af öðrum réttum en börnin. Þítan er t.d. með slaka einkunn þarna á móti topp einkunn hjá nemendum og grjónagrautur er ef til vill í við vinsælli hjá unga fólkinu en því fullorðna. Þar skorar hins vegar lambasteikin og kjötsúpan hæst.

Bæði foreldrum og starfsfólki þykir maturinn fjölbreyttur og hollur og 100% starfsmanna finnst mjög góður kostur að hann sé eldaður á staðnum.

Spurt var hvort fólki þætti mikilvægt að birta matseðil skólans (á netinu). Fleiri foreldrar en nemendur töldu það mjög mikilvægt eða 34% foreldra á móti 23,2% nemenda. Eins finnst aðeins 22,2% starfsfólks það mjög mikilvægt. Á móti þykir 14,9% foreldra það frekar léttvægt og/eða mjög léttvægt að hann sé birtur, 13,4% nemenda eru þeirrar skoðunar og 24,3% starfsfólks. Ef við drögum það saman í heild þá finnst 24,5% það mjög mikilvægt á meðan 17,5% sýnist það ekki skipta miklu máli. Þykir þó fleirum það mikilvægt en léttvægt og því teljum við ástæðu til að birta matseðilinn að minnsta kosti til reynslu í einhvern tíma.

## Líðan.


Könnunin um líðan var lögð fyrir á sama hátt og könnunin um fæðið. Spurningalisti var búinn til, þar sem spurt var hvernig viðkomandi liði í skólanum (vinnustaðnum) og síðan við ólíkar aðstæður innan skólans. T.d. í kennslustundum, frímínútum, bæði úti og inni og í matsal og starfsmenn við gæslu við þær aðstæður. Hvernig nemendum liði í búningsklefa og íþróttasal eða sundlaug. Og að lokum var spurt hvort viðkomandi þætti miklar eða litlar kröfur gerðar til sín og hvort álag væri mikið eða lítið.

Könnunin fór fram viku á eftir könnuninni um fæðið, nemendur svöruðu í kennslustund, skiluðu útfylltum svörum í umslag til kennara sem kom því til þriðja aðila sem skráði niðurstöðurnar í reikniforrit í tölvu.


Starfsfólk tók könnunina sömuleiðis í þeirri viku og skiluðu niðurstöðum í þar til gerðan kassa. Þær niðurstöður voru færðar í tölvu og hér á eftir má sjá samantekt þeirra.

Lítum fyrst á nemendur.

Ef við skoðum fyrst svörin við spurningunum; hvernig líður þér í skólanum og hvernig líður þér í kennslustundum, þá röðuðust svörin svona:



Spurningunni um líðan í frímínútum svöruðu nemendur svona:



Þessar töflur sýna okkur að afgerandi meirihluta nemenda líður mjög vel eða frekar vel í skólanum og þá hvort sem er í kennslustundum eða frímínútum, bæði úti og inni.




Oft er það svo að nemendum líður misvel í búningsklefum og þar sem fáir fullorðnir eru á ferli og þar á einelti sér oft stað án þess að sagt sé frá því. Svona kannanir leiða oft í ljós ef eitthvað misjafnt á sér stað þar. Ef við skoðum tölurnar úr búningsklefunum, þá kemur í ljós að rétt tæpum 51,3% nemenda líður mjög vel í búningsklefanum, 27,6% líður frekar vel og 15,8% líður í meðallagi. Einungis rétt rúm 4% nemenda líður illa þar inni og verður sú niðurstaða að teljast góð, þó vissulega sé það markmið að öllum nemendum líði vel hvar sem þeir eru í skólanum.

Allar niðurstöður sýna að líðan nemenda er góð við hverjar aðstæður sem tilgreindar voru í könnuninni. Markmiðið var að 85% svarenda væru fyrir ofan meðallag og náðist það í mörgum tilvikum. Ef ekki frekar eða mjög vel, þá í meðallagi vel. (sjá tíðnitöflur, fylgiskjal 9).

Nemendur voru einnig spurðir hvort miklar eða litlar kröfur væru gerðar til þeirra í skólanum að þeirra mati.

Lítum á þær niðurstöður í töflu:





Afgerandi meirihluti nemenda svarar því til að kröfur séu hæfilegar og 16% segja þær frekar miklar. Við lítum svo á að það teljist jákvætt, því nám þarf að vera hvetjandi og það er það með hæfilegum kröfum og miklar kröfur hvetja nemendur sömuleiðis til að leggja sig fram og gera betur.

Starfsfólk var spurt spurninga um líðan við þær aðstæður sem þeir vinna við. Það verður að viðurkennast að spurningalistinn var nokkuð kennaramiðaður. Þannig var spurt hvernig viðkomandi líði í kennslustundum og við gæslu bæði og úti og inni og í vinnu innan 9,14 sem er vinna sem skólastjóri leggur til, en ekki hvernig fólki líði við önnur störf. Þeir sem ekki vinna við kennslu svöruðu þá: "á ekki við" á þessum stöðum.

Þegar skoðaðar eru niðurstöður á svörum starfsfólks kemur í ljós að öllu starfsfólki líður í meðallagi vel og yfir meðallagi í hverri þeirri vinnu sem þeir sinna. Enginn svarar að honum líði frekar illa eða mjög illa.

Ef við tökum dæmi, þá segir 89% starfsfólks að því líði mjög og/eða frekar vel í vinnunni, 83% þess segir að því líði mjög vel í vinnuhléum (frímínútum) og 17% frekar vel.

Spurt var hvort kröfur væru miklar eða litlar og hvort álag væri mikið eða lítið. Lítum á þær niðurstöður í skífuriti:



Þarna má glöggjt sjá að fólk telur bæði kröfur og álag hæfilegt. Sumir þeirra sem merktu við miklar kröfur gerðu þó þær athugasemdir við að þeim þætti það jákvætt og hvetjandi að finna að til þeirra væru gerðar miklar kröfur. Verður því að telja það jákvæða niðurstöðu að 53% starfsfólks finnist mjög miklar og frekar miklar kröfur vera gerðar til sín á vinnustað.

## *Lokaorð.*

Almennt eru allir aðspurðra ánægðir með fæðið sem boðið er uppá. Þykir það bragðgott, hollt og fjölbreytt og þeir eru ánægðir með að eldað sé á staðnum.

Vissulega er fólk mishrifið af réttunum, enda er fólk með ólíkt bragðskyn og ólíkan smekk. Einnig má ítreka að þarna var aðeins spurt um hluta af þeim réttum sem matreiddir eru í mötuneytinu. Það er þó staðreynd að maturinn er vel eldaður og bragðgóður en smekkur manna er misjafn og sumum þykir ákveðinn matur ekki góður, sama hversu vel hann er meðhöndlaður. Fjölbreytni hvernar máltíðar er þó slík að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi og enginn ætti að þurfa að fara svangur frá borðum.

Mörgum þykir rík ástæða til að birta matseðil skólans, en einnig ansi mörgum sem þykir það ekki skipta miklu máli. Ástæða er til að bregðast við þessari niðurstöðu og verður matseðillinn birtur á heimasíðu skólans um óákveðinn tíma og fylgst með hversu margir nýta sér aðgengi að honum.

Niðurstöður sýna að gott starf sé unnið í mötuneyti skólans og þar sé boðið upp á hollan og bragðgóðan mat og allir geti þar alltaf fundið eitthvað við sitt hæfi vegna fjölbreytni fæðutegunda í hverri máltíð. Þetta skiptir miklu máli fyrir úthald og námsgetu nemenda og fögnum við þessari niðurstöðu.

Ef niðurstöður könnunarinnar á fæði eru skoðaðar í heild, kemur í ljós að ekki er þörf á úrbótum þar á neinu sviði nema ef vera kynni að birta matseðilinn og mun það vera gert á heimasíðu skólans.

Það er alveg ljóst að góður matur hefur áhrif á líðan fólks, en það var samt sem áður ekki ein af spurningunum í líðan könnuninni. Niðurstöður könnunarinnar á líðan sýna afdráttarlaust að öllum líður vel í skólanum við hvaða aðstæður sem er. Vissulega mis vel, en samt sem áður vel. Við megum samt ekki líta framhjá því að nokkrum aðilum líður ekki eins vel og örfáum mjög illa á afmörkuðum stöðum. Í spurningalistanum voru svarendur beðnir að skrifa athugasemdir við ef þeir merktu við möguleikann: "mjög illa" og þar kom m.a. fram að þeir tengdu vanlíðan við slæmar minningar úr öðrum skólum. Í skólabílnum var athugasemd hjá fleiri en einum að vegurinn væri holóttur og leiðin löng.

Hvað starfsfólk varðar svarar enginn að honum líði frekar illa, né mjög illa við neinar aðstæður, og aðeins tveir af átján svarenda svara að þeim líði í meðallagi vel. Það er því ljóst að 90% starfsfólks líður frekar vel eða mjög vel í vinnunni og þeirri niðurstöðu fögnum við. Það er ljóst að vellíðan á vinnustað, hvort sem um kennara eða nemendur er að ræða, er forsenda þess að viðkomandi geti blómstrað í námi og starfi. Ljóst er að þeim sem líður illa í skóla eiga ekki eins gott með að einbeita sér að náminu og taka við því sem fyrir þá er lagt. Sömuleiðis hlýtur starfsmaður að leggja sig betur fram og gera sitt besta á vinnustað sem honum líður vel á.

Í niðurstöðunum er hægt að sjá í hvaða bekk viðkomandi nemanda líður illa eða mjög illa. Það verður að sjálfsögðu unnið að úrbótum í þeim tilvikum. Í einhverjum af þeim tilfellum voru viðkomandi aðilar búnir að koma fram með vanlíðan sína við umsjónarkennara og er unnið að úrbótum á þeim aðstæðum nú þegar. Á heildina litið er ekki þörf á að grípa til úrræða til að bæta aðstæður eða umhverfi nemenda eða starfsfólks svo að þeim megi líða betur. Þeim virðist líða eins vel og hægt er að óska eftir. Hins vegar munum við halda vöku okkar hér við Laugalands-skóla og fylgjast áfram með því ef einhver finnur til vanlíðunar á einhvern hátt í námi eða starfi. Það er einnig von okkar að þeir sem finna til slíks komi fram með þá vanlíðan svo unnt sé að vinna bót á því eins fljótt og unnt er, því staðreyndin er sú að það er ekki unnt að bæta vanda sem ekki þekkist



<p><b>1. Ert þú piltur eða stúlka?</b></p> <p><input type="checkbox"/> Piltur <input type="checkbox"/> Stúlka</p>	<p><b>2. Í hvaða bekk ert þú?</b></p> <p><input type="checkbox"/> 10. bekk <input type="checkbox"/> 9. bekk <input type="checkbox"/> 8. bekk <input type="checkbox"/> 7. bekk <input type="checkbox"/> 6. bekk <input type="checkbox"/> 5. bekk <input type="checkbox"/> 4. bekk <input type="checkbox"/> 3. bekk</p>
---	---

Gefðu eftirfarandi réttum vægi eftir því sem þér þykir viðeigandi, með því að setja hring utan um töluna: 10 er best og 1 er verst.

Þeir voru á matseðli vikunnar 6. – 10. október og 13.- 17. október

**3. mánudagurinn 6. október 2008**

Saltað hrossakjöt og kartöflur, uppstúfur. Soðið grænmeti og ferskt grænmeti (gúrka, tómatar, paprika, blómkál og spergilkál) og ávextir (epli, bananar, appelsínur).

**Bragðgæði**

1    2    3    4    5    6    7    8    9    10

**4. þriðjudagurinn 7. október 2008**

Ofnbakaður fiskur með kartöflum og ljósri sósu og bræddu smjöri með lauk. Grænmeti (gúrka, tómatar, paprika, blómkál og spergilkál). – Fjallajógúrt í eftirrétt.

**Bragðgæði**

1    2    3    4    5    6    7    8    9    10

**5. miðvikudagurinn 8. október 2008**

Lambasteik með brúnuðum kartöflum og brúnni sósu. Soðið grænmeti (blómkál, gulrætur og spergilkál) og ferskt salat með fetaosti. Ferskir ávextir

**Bragðgæði**

1    2    3    4    5    6    7    8    9    10

**6. fimmtudagurinn 9. október 2008**

Svikinn Héri með kartöflum og brúnni sósu. Grænmeti (gúrka, tómatar, paprika, blómkál og spergilkál). Skyr í eftirrétt.

**Bragðgæði**

1    2    3    4    5    6    7    8    9    10

**7. föstudagurinn 10. október 2008**

Píta með kjöti (lamba, kjúklinga og roastbeef) og sósu. Grænmeti (spergilkál, paprika, gúrka, tómatar, ferskur laukur) og ferskir ávextir(epli, bananar, appelsínur). Grænmetis-súpa í eftirrétt.

**Bragðgæði**

1    2    3    4    5    6    7    8    9    10

**8. mánudagurinn 13. október 2008**

Kjötsúpa með kartöflum og smábrauði.

**Bragðgæði**

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

**9. þriðjudagurinn 14. október 2008**

Plokkfiskur með rúgbrauði, síld og kartöflum. Grænmeti (gúrka, tómatar, paprika, blómkál og spergilkál) og ferskir ávextir (epli, appelsína, ananas, melóna). - Kakósúpa í eftirrétt.

**Bragðgæði**

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

**10. miðvikudagurinn 15. október 2008**

Gúllas í brúnni sósu með kartöflumús. Grænmeti (gúrka, tómatar, paprika, blómkál og spergilkál) og ferskir ávextir(epli, appelsína, ananas, melóna). - Aspássúpa í eftirrétt.

**Bragðgæði**

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

**11. fimmtudagurinn 16. október 2008**

Fiskibollur með kartöflum og “Elsusósu”(maísenamjöl, krydd, smjör). Grænmeti (gúrka, tómatar, paprika, blómkál og spergilkál) og ferskir ávextir (epli, appelsína, ananas, melóna). - Fjallajógúrt í eftirrétt.

**Bragðgæði**

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

**12. föstudagurinn 17. október 2008**

Grjónagrauttur með köldum blóðmör og kaldri lifrarpylsu. Brauð með áleggi (skinka, róstbeef, steiktum lauk og remolaði, ostur, spægipylsa). Grænmeti (gúrka, tómatar, paprika, blómkál og spergilkál).

**Bragðgæði**

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

**13. miðvikudagurinn 22. október.**

Steiktur silungur með kartöflum pastaréttur Grænmeti (gúrka, tómatar, paprika, blómkál og spergilkál). Fjallajógúrt í eftirrétt.

**Bragðgæði**

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

**14. Finnst þér maturinn í mötuneyti Laugalandsskóla fjölbreyttur eða fábreyttur?**

- Mjög fjölbreyttur
- Frekar fjölbreyttur
- Bæði og
- Frekar fábreyttur
- Mjög fábreyttur

**16. Telur þú það góðan kost eða slæman að maturinn sé matreiddur á staðnum?**

- Mjög góðan kost
- Frekar góðan kost
- Bæði og
- Frekar slæman kost
- Mjög slæman kost

<p><b>15. Finnst þér maturinn í mótuneyti Laugalandsskóla hollur eða óhollur?</b></p> <p><input type="checkbox"/> Mjög hollur</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar hollur</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar óhollur</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög óhollur</p>	<p><b>17. Finnst þér mikilvægt/léttvægt að birta matseðil skólans?</b></p> <p><input type="checkbox"/> Mjög mikilvægt</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar mikilvægt</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar léttvægt</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög léttvægt</p>
---	--

**18. Telur þú matinn í Laugalandsskóla vera úr mörgum eða fáum af fæðuflokkum fæðuhingsins?**

- Mjög mörgum
- Frekar mörgum
- Bæði og
- Frekar fáum
- Mjög fáum



**19. Gefðu eftirfarandi meðlæti með mat vægi eftir því sem þér þykir viðeigandi, með því að setja hring utan um töluna: 10 er best og 1 er verst.**

**19a. Ferskt grænmeti.**

Bragðgæði

1    2    3    4    5    6    7    8    9    10

**19b. Soðið grænmeti.**

Bragðgæði

1    2    3    4    5    6    7    8    9    10

**19c. Kokteilsósa.**

Bragðgæði

1    2    3    4    5    6    7    8    9    10

**19d. Tómatsoða.**

Bragðgæði

1    2    3    4    5    6    7    8    9    10

**20. Hvað af eftirfarandi kýst þú helst til að hafa í eftirrétt? Gerðu hring utan um þann kost sem þér líkar best.**

**Grautur**

**Súpa**

**Ávextir**

**Allt til skiptis**

**Ekkert**

**Takk fyrir.**



<b>1. Ert þú karl eða kona</b>  <input type="checkbox"/> karl <input type="checkbox"/> kona	<b>2. Á hvaða árabili ertu fædd(ur)?</b>  <input type="checkbox"/> 1930-1939 <input type="checkbox"/> 1940-1949 <input type="checkbox"/> 1950-1959 <input type="checkbox"/> 1960-1969 <input type="checkbox"/> 1970-1979 <input type="checkbox"/> 1980-1989
--	--

Gefðu eftirfarandi réttum vægi eftir því sem þér þykir viðeigandi, með því að setja hring utan um töluna: **10 er best og 1 er verst.**

Þeir voru á matseðli vikunnar 6. – 10 október og 13.- 17. október

### 3. mánudagurinn 6. október 2008

Saltað hrossakjöt og kartöflur, uppstúfur. Soðið grænmeti og ferskt grænmeti (gúrka, tómatar, paprika, blómkál og spergilkál) og ávextir (epli, bananar, appelsínur).

#### Bragðgæði

1    2    3    4    5    6    7    8    9    10

### 4. þriðjudagurinn 7. október 2008

Ófnbakaður fiskur með kartöflum og ljósri sósu og bræddu smjöri með lauk. Grænmeti (gúrka, tómatar, paprika, blómkál og spergilkál). – Fjallajógúrt í eftirrétt.

#### Bragðgæði

1    2    3    4    5    6    7    8    9    10

### 5. miðvikudagurinn 8. október 2008

Lambasteik með brúnuðum kartöflum og brúnni sósu. Soðið grænmeti (blómkál, gulrætur og spergilkál) og ferskt salat með fetaosti. Ferskir ávextir

#### Bragðgæði

1    2    3    4    5    6    7    8    9    10

### 6. fimmtudagurinn 9. október 2008

Svikinn Héri með kartöflum og brúnni sósu. Grænmeti (gúrka, tómatar, paprika, blómkál og spergilkál). Skyr í eftirrétt.

#### Bragðgæði

1    2    3    4    5    6    7    8    9    10

### 7. föstudagurinn 10. október 2008

Píta með kjöti (lamba, kjúklinga og roastbeef) og sósu. Grænmeti (spergilkál, paprika, gúrka, tómatar, ferskur laukur) og ferskir ávextir(epli, bananar, appelsínur). Grænmetissúpa í eftirrétt.

#### Bragðgæði

1    2    3    4    5    6    7    8    9    10

**8. mánudagurinn 13. október 2008**

Kjötsúpa með kartöflum og smábrauði.

**Bragðgæði**

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

**9. þriðjudagurinn 14. október 2008**

Plokkfiskur með rúgbrauði, síld og kartöflum. Grænmeti (gúrka, tómatar, paprika, blómkál og spergilkál) og ferskir ávextir (epli, appelsína, ananas, melóna). - Kakósúpa í eftirrétt.

**Bragðgæði**

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

**10. miðvikudagurinn 15. október 2008**

Gúllas í brúnni sósu með kartöflumús. Grænmeti (gúrka, tómatar, paprika, blómkál og spergilkál) og ferskir ávextir (epli, appelsína, ananas, melóna). - Aspássúpa í eftirrétt.

**Bragðgæði**

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

**11. fimmtudagurinn 16. október 2008**

Fiskibollur með kartöflum og "Elsusósu" (maísenamjöl, krydd, smjör). Grænmeti (gúrka, tómatar, paprika, blómkál og spergilkál) og ferskir ávextir (epli, appelsína, ananas, melóna). - Fjallajógúrt í eftirrétt.

**Bragðgæði**

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

**12. föstudagurinn 17. október 2008**

Grjónagrautur með köldum blóðmör og kaldri lifrapylsu. Brauð með áleggi (skinka, róstbeef, steiktum lauk og remolaði, ostur, spægipylsa). Grænmeti (gúrka, tómatar, paprika, blómkál og spergilkál).

**Bragðgæði**

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

**13. miðvikudagurinn 22. október.**

Steiktur silungur með kartöflum pastaréttur Grænmeti (gúrka, tómatar, paprika, blómkál og spergilkál). Fjallajógúrt í eftirrétt.

**Bragðgæði**

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

**14. Finnst þér maturinn í mötuneyti Laugalandsskóla fjölbreyttur eða fábreyttur?**

- Mjög fjölbreyttur
- Frekar fjölbreyttur
- Bæði og
- Frekar fábreyttur
- Mjög fábreyttur

**16. Telur þú það góðan kost eða slæman að maturinn sé matreiddur á staðnum?**

- Mjög góðan kost
- Frekar góðan kost
- Bæði og
- Frekar slæman kost
- Mjög slæman kost



**15. Finnst þér maturinn í mótuneyti Laugalandsskóla hollur eða óhollur?**

- Mjög hollur
- Frekar hollur
- Bæði og
- Frekar óhollur
- Mjög óhollur

**17. Finnst þér mikilvægt/léttvægt að birta matseðil skólans?**

- Mjög mikilvægt
- Frekar mikilvægt
- Bæði og
- Frekar léttvægt
- Mjög léttvægt

**18. Telur þú matinn í Laugalandsskóla vera úr mörgum eða fáum af fæðuflokkum fæðuhringsins?**

- Mjög mörgum
- Frekar mörgum
- Bæði og
- Frekar fáum
- Mjög fáum



**19.** Gefðu eftirfarandi meðlæti með mat vægi eftir því sem þér þykir viðeigandi, með því að setja hring utan um töluna: 10 er best og 1 er verst.

**19a. Ferskt grænmeti.**

Bragðgæði

1    2    3    4    5    6    7    8    9    10

**19b. Soðið grænmeti.**

Bragðgæði

1    2    3    4    5    6    7    8    9    10

**19c. Kokteilsósa.**

Bragðgæði

1    2    3    4    5    6    7    8    9    10

**19d. Tómat sósa.**

Bragðgæði

1    2    3    4    5    6    7    8    9    10

**20.** Hvað af eftirfarandi kýst þú helst til að hafa í eftirrétt? Gerðu hring utan um þann kost sem þér líkar best.

**Grautur**

**Súpa**

**Ávextir**

**Allt til skiptis**

**Ekkert**

**Takk fyrir.**



### Fylgiskjal 3

## SPURNINGALISTI TIL FORELDRA BARNNA Í LAUGALANDSSKÓLA

<b>1. Ert þú karl eða kona</b> <input type="checkbox"/> karl <input type="checkbox"/> kona	<b>2. Á hvaða árabili ertu fædd(ur)?</b> <input type="checkbox"/> 1930-1939 <input type="checkbox"/> 1940-1949 <input type="checkbox"/> 1950-1959 <input type="checkbox"/> 1960-1969 <input type="checkbox"/> 1970-1979 <input type="checkbox"/> 1980-1989
--	--

Hér á eftir fylgja spurningar sem tengjast fæðinu í mötuneyti Laugalandsskóla. Við biðjum foreldra að svara þessum spurningum þó svo þeir hafi ekki sjálfir bragðað á réttunum, heldur með eigin reynslu af sambærilegum réttum í huga.

Gefðu eftirfarandi réttum vægi eftir því sem þér þykir viðeigandi, með því að setja hring utan um töluna: **10 er best og 1 er verst.**

Peir voru á matseðli vikunnar 6. – 10 október og 13.- 17. október

### 3. mánudagurinn 6. október 2008

Saltað hrossakjöt og kartöflur, uppstúfur. Soðið grænmeti og ferskt grænmeti (gúrka, tómatar, paprika, blómkál og spergilkál) og ávextir (epli, bananar, appelsínur).

#### Bragðgæði

1    2    3    4    5    6    7    8    9    10

### 4. þriðjudagurinn 7. október 2008

Ófnbakaður fiskur með kartöflum og ljósri sósu og bræddu smjöri með lauk. Grænmeti (gúrka, tómatar, paprika, blómkál og spergilkál). – Fjallajógúrt í eftirrét.

#### Bragðgæði

1    2    3    4    5    6    7    8    9    10

### 5. miðvikudagurinn 8. október 2008

Lambasteik með brúnuðum kartöflum og brúnni sósu. Soðið grænmeti (blómkál, gulrætur og spergilkál) og ferskt salat með fetaosti. Ferskir ávextir

#### Bragðgæði

1    2    3    4    5    6    7    8    9    10

### 6. fimmtudagurinn 9. október 2008

Svikinn Héri með kartöflum og brúnni sósu. Grænmeti (gúrka, tómatar, paprika, blómkál og spergilkál). Skyr í eftirrét.

#### Bragðgæði

1    2    3    4    5    6    7    8    9    10

### 7. föstudagurinn 10. október 2008

Píta með kjöti (lamba, kjúklinga og roastbeef) og sósu. Grænmeti (spergilkál, paprika, gúrka, tómatar, ferskur laukur) og ferskir ávextir (epli, bananar, appelsínur). Grænmetissúpa í eftirrét.

#### Bragðgæði

1    2    3    4    5    6    7    8    9    10

**8. mánudagurinn 13. október 2008**

Kjötsúpa með kartöflum og smábrauði.

**Bragðgæði**

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

**9. þriðjudagurinn 14. október 2008**

Plokkfiskur með rúgbrauði, síld og kartöflum. Grænmeti (gúrka, tómatar, paprika, blómkál og spergilkál) og ferskir ávextir (epli, appelsína, ananas, melóna). - Kakósúpa í eftirrétt.

**Bragðgæði**

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

**10. miðvikudagurinn 15. október 2008**

Gúllas í brúnni sósu með kartöflumús. Grænmeti (gúrka, tómatar, paprika, blómkál og spergilkál) og ferskir ávextir (epli, appelsína, ananas, melóna). - Aspássúpa í eftirrétt.

**Bragðgæði**

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

**11. fimmtudagurinn 16. október 2008**

Fiskibollur með kartöflum og "Elsusósu" (maísenamjöl, krydd, smjör). Grænmeti (gúrka, tómatar, paprika, blómkál og spergilkál) og ferskir ávextir (epli, appelsína, ananas, melóna). - Fjallajógúrt í eftirrétt.

**Bragðgæði**

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

**12. föstudagurinn 17. október 2008**

